


ORÐAÞRENNNA VIKUNNNAR

endurvinnna (sagnorð)

Að búa til eitthvað nýtt úr notuðu.

Dæmi: Fyrirtækið endurvinnur gosflöskur úr plasti og býr til úr þeim efni til þess að sauma flíspeysur.



Íbúar Hafnarfjarðar setja pappír í bláu tunnuna. Hann er síðan endurunninn.

endurnýta (sagnorð)

Að nýta eitthvað aftur.

Dæmi: Textílkennarinn endurnýtti gamlar gallabuxur með því að láta nemendur sína sauma eitthvað nýtt úr þeim.



endurskoða (sagnorð)

Meta eitthvað aftur.

Dæmi: Það þarf að endurskoða hvernig við flokkum pappír. Stundum er hægt að nýta blöðin betur en nú er gert.




endur – er forskeyti. Það þýðir aftur. Dæmi: Endurvinnna = vinna aftur, endurnýta = nýta aftur.

ORÐAÞRENNNA VIKUNNNAR

fjárfesting (nafnorð)

Það að leggja pening í verkefni eða fyrirtæki.

Dæmi: Leiktækin á skólalóðinni voru góð fjárfesting.



fjármunir (nafnorð)

Peningar, fé.

Dæmi: Fjármunum skólans var vel varið þegar keypt voru leiktæki á skólalóðina.



fjáröflun (nafnorð)



Útvegum fjár/að fá pening, t.d. í verkefni eða framkvæmdir.

Dæmi: Nemendur í 7. bekk standa fyrir fjáröflun vegna skólaferðar. Þau seldu kaffi og kökur á samtalsdaginn.



Fé getur þýtt peningar og fjármunir en líka búfénaður (einkum sauðfé).

Fé beygist svona án greinis: Hér er fé, um fé, frá fé, til fjár.

Fé beygist svona með greini: Hér er féð, um féð, frá fénu, til fjárins.

ORÐAÞRENNNA VIKUNNNAR

annars vegar

(atviksorð/atviksliður)

Að einu leyti.

Dæmi: Hann er annars vegar að læra stærðfræði og hins vegar ensku.



hins vegar (atviksorð/atviksliður)

Að öðru leyti, að hinu leytinu.

Hins vegar gengur honum betur í stærðfræði en í ensku.



þar af leiðandi

(atviksorð/atviksliður)

Vegna þess, af þeim sökum.

Dæmi: Ég var veikur í gær og komst þar af leiðandi ekki í skólann.



Notum fjölbreytileg tengiorð í ritun. Prófaðu að nota þessi orð í næsta ritunarverkefni.

ORÐAÞRENNNA VIKUNNAR

hrekkjavaka (nafnorð)

Hrekkjavaka er hátíðisdagur sem er haldinn 31. október ár hvert.

Dæmi: Á hrekkjavökunni ganga margir krakkar á Völlunum hús úr húsi til að sníkja nammi.



hrekkjalómur (nafnorð)

Einhver sem er hrekkjóttur eða prakkari.

Dæmi: Hrekkjalómurinn gerði dyraat á hrekkjavökunni.

hrekklaus (lýsingarorð)

Einhver sem er saklaus/meinlaus/trúgjarn og varar sig ekki á hrekkjum annarra.

Dæmi: Nornin var hrekklaus, hún trúði öllu sem aðrir sögðu við hana.



Hrekkjavakan nefnist á enskri tungu Halloween.

Hverjar eru hefðir og saga hrekkjavöku? Þú finnur svarið á Vísindavefnum á slóðinni: <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=5367>



ORÐAÞRENNNA VIKUNNAR – upprifjun síðustu fjögurra vikna

Klipptu út fyrimæli eða spurningu og límdu í stílabókina þína.

Svaraðu í heilum setningum og beittu þeim stafsetningareglum sem þú hefur lært.

ENDURVINNA (so.)

Skrifaðu litla frétt þar sem orðið **endurvinna** kemur fyrir.

ENDURNÝTA (so.)

Hvaða hluti er hægt að **endurnýta**? Hvað getur þú búið til úr gömlum hlutum eða fatnaði sem þú ert hætt(ur) að nota?

ENDURSKOÐA (so.)

Er eitthvað sem þú þarft að **endurskoða** í lífi þínu og af hverju?

FJÁRFESTING (no.)

Hver er besta **fjárfesting** þín og af hverju?

FJÁRMUNIR (no.)

Ferð þú vel eða illa með **fjármuni** þína og annarra? Bentu á 2-3 leiðir sem hægt er að gera til að fara betur með **fjármuni**.

FJÁRÖFLUN (no.)

Hefur þú tekið þátt í **fjáröflun** og þá hverri? Í hvaða tilgangi var **fjáröflunin**?

ANNARS VEGAR

Skrifaðu 2-3 setningar þar sem orðasamböndin **annars vegar** og **hins vegar** koma fyrir.

HINS VEGAR

Skrifaðu setningar eða litla sögu þar sem **hins vegar** kemur fyrir.

ÞAR AF LEIÐANDI

Skrifaðu 2-3 setningar þar sem orðasambandið **þar af leiðandi** kemur fyrir.

HREKKJAVAKA

Gerðir þú eitthvað á **hrekkjavökunni**? Hvað var eftirminnilegast?

HREKKJALÓMUR

Skrifaðu litla sögu þar sem aðalsöguhetjan er **hrekkjalómur**.

HREKKLAUS

Skrifaðu litla sögu þar sem aðalsöguhetjan er **hrekkláus**.